

Fundargerð

5. Fundur stjórnar Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja. Ársfundur samningsins fyrir árið 2009.

Haldinn að Hótel Rangá, Rangárþingi ytra, 17. mars 2010 kl. 13:00

Mætt voru:

Friðrik Pálsson, Hörður Sigurgestsson, Jóna Sigurbjartsdóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Þorvarður Hjaltason, Sigríður K. Þorgrímsdóttir og Hermann Ottósson. Gestir fundarins voru: Rögnvaldur Ólafsson, Ólafur Hilmarsson, Sveinn Pálsson, Sandra Brá Jóhannesdóttir og Einar Sveinbjörnsson.

Einnig mætt:

Sædís Íva Elíasdóttir, Þorbjörn Jónsson, og Hulda Eggertsdóttir sem skrifaði fundargerð. Þau eru starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands.

Fyrir fundinn lágu fundargögn: Ársskýrsla VSSV fyrir árið 2009 og Ársreikningur VSSV fyrir árið 2009.

1. Setning fundar

Friðrik Pálsson, formaður stjórnar setti fund og fór yfir störf framkvæmdaráðs VSSV.

2. Skýrsla framkvæmdaaðila VSSV

Sædís Íva Elíasdóttir, framkvæmdastjóri APS fór yfir það starf sem APS hefur unnið fyrir VSSV. Í upphafi fór hún yfir hvaða markmið voru sett fyrir VSSV og hvaða þættir einkenndu framkvæmd samningsins af hálfu APS. Á árinu 2009 voru samþykkt framlög til 17 nýrra verkefna í formi fjármagns. Tveimur umsóknum var hafnað á árinu. Á öllum samningstímanum hefur verið samþykktur stuðningur við 43 verkefni. Eitt þeirra fór aldrei af stað. Heildarfjármagn sem ráðstafað var í verkefni 42 er um 97 milljónir. 25 verkefnum er lokið. Farið var yfir mat á samningnum, bæði tölulegar upplýsingar sem og viðhorfskönnun sem lögð var fyrir þátttakendur.

Sædís Íva gerði grein fyrir að undirritaður hefur verið nýr Vaxtarsamningur fyrir Suðurland. Iðnaðarráðuneytið felur APS framkvæmd þess samnings og hefur skipað stjórn fyrir samninginn. Samningurinn er til fjögurra ára og eru 35 milljónir til ráðstöfunar á fyrsta ári. Sveitarfélagið Hornafjörður er þátttakandi í nýja samningnum þannig að starfssvæði hans er nú frá Lónsheiði í austri að Hellisheiði í vestri ásamt Vestmannaeyjum.

Ný stjórn VSSV:
Sandra D. Gunnarsdóttir, formaður
Elvar Knútur Valsson
Hjalte Þór Vignisson
Rut Haraldsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson

Sædís þakkaði fyrrverandi stjórn og framkvæmdaráði VSSV fyrir samstarfið.

3. Ársreikningur VSSV fyrir árið 2009

Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi fór yfir Ársreikning VSSV fyrir árið 2009. Engar athugasemdir komu fram varðandi ársreikninginn og hann samþykktur.

4. Verkefnayfirlit

Sædís Íva fór yfir verkefnin sem VSSV hefur stutt á starfstíma samningsins. Í upphafi voru það fyrst og fremst ferðaþjónustuaðilar sem sáu sér hag í samvinnu en það hefur breyst. Ítarlega voru svo kynnt þrjú verkefni.

➤ **Markaðsstofa Suðurlands**

Ólafur Hilmarsson, framkvæmdastjóri MSS gerði grein fyrir starfsemi Markaðsstofu Suðurlands sem stofnuð var haustið 2008. Starfssvæðið nær frá Lónsheiði í austri að Sandskeiði í vestri auk Vestmannaeyja. Á svæðinu eru 15 sveitarfélög, 2400 fyrirtæki og rúmlega 26 þúsund íbúar. Kom fram að nú þegar eru 55 fyrirtæki aðilar og 12 sveitarfélög hafa nú þegar samþykkt þátttöku í starfi MSS. Tilgangur með stofnun MSS er að vera í forsvari í sameiginlegri kynningu og markaðssetningu á Suðurlandi, innanlands og utan. Skapa sterka og jákvæða ímynd Suðurlands, tengslanet, upplýsingamiðlun, innlent og erlent samstarf.

➤ **Brydebúð/Kötlusetur/Geopark**

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps kynnti eitt af verkefnum sem komið var af stað árið 2007. Verkefni sem þróaðist skammtilega út frá fyrstu hugmyndum. Árið 2007 fékkst styrkur VSSV í verkefni sem hét „Stefnumótun og hönnun safnasamstarfs í Vík.“ Niðurstaðan úr því verkefni var tillaga um að stofnað yrði Kötlusetur, rannsókn og fræðasetur sem og menningarsetur í Brydebúð í samstarfi við háskólasamfélagið og styrktaraðila. Síðan hefur sveitarfélagið gengið til samstarfs við Skaftárhrepp og Rangárþing eystra um stofnun Geopark.

➤ **Friður og frumkraftar í Skaftárhreppi**

Sandra Brá Jóhannsdóttir, verkefnastjóri kynnti verkefnið en þetta er eitt af þeim verkefnum sem sett var á laggirnar árið 2009. Verkefnið er framhaldsverkefni af

verkefninu „Mótun Skaftárhrepps“ sem fékk stuðning VSSV árið 2008. Sandra upplýsti að stuðningur VSSV hefði skipt öllu máli fyrir framgang þessa verkefnis. Markmiðið er að Skaftárhreppur nái því að verða áfangastaður frekar en áningarstaður. Félagið var stofnað 24. september 2009 og eru félagar nú þegar orðnir 23 talsins. Kynnti Sandra þá vinnu sem farið hefur fram hjá þeim aðilum sem standa að þessu verkefni og fór yfir mikilvægi samvinnu allra aðila á svæðinu til að efla búsetuskilyrði.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru borin upp. Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:10